

Fundargerð 480. fundar

stjórnar Hafnasambands Íslands

Árið 2026, mánudaginn 16. febrúar kl. 11:00 kom stjórn Hafnasambands Íslands saman til fundar í Allsherjarbúð, Borgartúni 30 í Reykjavík.

Fundinn sátu: Lúðvík Geirsson, Gunnar Tryggvason, Pétur Ólafsson, Jóna Árný Þórðardóttir, Friðbjörg Matthíasdóttir, Björn Arnaldsson, Alexandra Jóhannesdóttir, Dóra Björk Gunnarsdóttir, Elliði Vignisson og Hanna Björg Konráðsdóttir.

Í fjarfundarsambandi voru Pétur Ólafsson, Jóna Árný Þórðardóttir, Dóra Björk Gunnarsdóttir, Elliði Vignisson og Hanna Björg Konráðsdóttir.

Að auki sátu fundinn Bryndís Gunnlaugsdóttir og Valur Rafn Halldórsson, sem ritaði fundargerð.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

1. Fundargerð 479. fundar - 2509016HA

Lögð fram til kynningar fundargerð 479. fundar stjórnar Hafnasambandsins frá 19. janúar 2026, sem undirrituð hefur verið með rafrænum hætti.

2. Virðisaukaskattur á farþegaskip - 2509020HA

Formaður gerði grein fyrir stöðu mála hvað varðar virðisaukaskatt á farþegaskip. Hafnasambandið hefur ítrekað óskað eftir frekari upplýsingum frá Skattinum um útfærslu breytinga, en svör hafa ekki borist. Stjórn telur mikilvægt að skýr svör berist sem fyrst og að veittur verði eðlilegur frestur til innleiðingar.

Dóra Björk Gunnarsdóttir kom inn á fundinn kl. 11:45.

3. Umsögn um tillögu til þingsályktunar um samgönguáætlun fyrir árin 2026-2040 ásamt aðgerðaráætlun fyrir árin 2026-2030 - 2512003HA

Lögð fram til kynningar drög að umsögn Hafnasambandsins til umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis, dags. 9. febrúar, um tillögu til þingsályktunar um samgönguáætlun fyrir árin 2026-2040 ásamt fimm ára aðgerðaráætlun fyrir árin 2026-2030, 322. mál.

Í umsögn Hafnasambands Íslands fagna samtökin framlagðri langtíma samgönguáætlun. Hafnasambandið leggur áherslu á aukna fjármögnun til að mæta viðhaldspörf, efla öryggi og styðja við orkuskipti. Jafnframt er lögð áhersla á eflingu Hafnabótasjóðs, aukið siglingaöryggi, uppbyggingu sjóvarna og viðurkenningu á mikilvægu öryggishlutverki hafna.

Stjórn samþykkir umsögnina með þeim breytingum sem rætt var um á fundinum.

4. Umsögn um drög að frumvarpi til laga um leiðarmerki og öryggi siglinga - 2602001HA

Lögð fram til kynningar umsögn Hafnasambandsins til innviðaráðuneytisins, dags. 10. febrúar 2026, um drög að frumvarpi til laga um leiðarmerki og öryggi siglinga, mál nr. S-15/2026.

Í umsögn Hafnasambandsins kemur fram að samtökin styðja markmið frumvarpsins um aukið siglingaöryggi og skýrara regluverk. Hafnasambandið leggur þó áherslu á skýrari ákvæði um samráð við hafnaryfirvöld, kostnaðarskyldu og áhrif á hafnir og sveitarfélög, þar sem frumvarpið getur haft fjárhagsleg og rekstrarleg áhrif. Einnig er bent á nauðsyn kostnaðarmats og tryggingar fyrir fjármögnun vegna leiðarmerkja og hafnarvita.

5. Samráðsnefnd Fiskistofu og Hafnasambandsins - 2509028HA

Pétur gerði grein fyrir fundi Hafnasambands Íslands og Fiskistofu um fjarvigtun. Unnið er að næstu skrefum og mun Fiskistofustjóri senda erindi til ráðuneytis og viðeigandi stofnana með beiðni um heimild til að hefja tilraunaverkefni um fjarvigtun.

6. Landamæraeftirlit - staðan - 2509021HA

Lagt fram erindi Hafnasambandsins, dags. 11. febrúar 2026, um fjármagn til Alþjóða- og landamærasviðs Ríkislögreglustjóra. Á fundinum kom fram að ekki hefur enn fengist fjármagn í verkefnið.

7. Rafræn vöktun hafna - persónuverndin - 2509009HA

Bryndís lögfræðingur Sambandsins gerði grein fyrir stöðu málsins. Fram kom að Tollurinn ætlar að útbúa sniðmát fyrir aðildarhafnir en engar frekari upplýsingar hafa komið frá stofnuninni.

8. Fundur með innviðaráðherra - hafnalög - 2602003HA

Hafnasamband Íslands á fund með ráðherra þriðjudaginn 24. febrúar næstkomandi þar sem farið verður yfir stöðu hafnarmála með sérstakri áherslu á breytingu á hafnalögum.

9. Hafnir - misræmi á rukkun tolla - 2602004HA

Lagt fram erindi utanríkisráðuneytisins, dags. 13. febrúar 2026, þar sem óskað er eftir því að Hafnasambandið ítreki við hafnir landsins, að samkvæmt 2. mgr. 21. gr. varnarmálalaga nr. 34/2008, eru þær vörur sem að NATO og erlendur liðsafli bandalagsríkja flytja inn, undanskildar frá greiðslu skatta, gjalda og tolla með þeim hætti sem greinir í 7. og 8. gr. viðbætis við lög nr. 110/1951, sbr. og 48. gr. laga um virðisaukaskatt, nr. 50/1988, með síðari breytingum. Því eiga hafnir ekki að rukka þessa aðila um neina tolla eða gjöld við innflutning varnings.

Stjórn Hafnasambands Íslands þakkar fyrir erindið og felur starfsfólki að koma upplýsingunum á framfæri við aðildarhafnir.

Fundi var slitið kl. 12:10